

REGLUGERÐ

139

23. des.

um skemmtanaskatt í Sandvíkurhreppi innan Árnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. l. nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Sandvíkurhreppi, og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af innangangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi innan sveitarinnar.

5. gr.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann. Nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna það oddvita hreppsnefndar eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða nægilega marga. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd. Sá kostnaður greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

139

23. des.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó varðveita fé þetta í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Sandvíkurhreppi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

140

28. des.

AUGLÝSING

um að falla frá innheimtu á vörutolli af salti og um endurgreiðslu vörutolls af kolum fiskveiðagufuskipa.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 95 11. júní 1938, til þess

a. að falla frá innheimtu á vörutolli af salti á árinu 1939,

b. að endurgreiða fiskveiðagufuskipun vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á árinu 1939.

Skilríki, sem þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan, eru þau, sem auglýst eru í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1938, birtri í 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 28. okt. 1938.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofanefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur skal á árinu 1939 samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12%.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

141

30. des.

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu frá 3. ágúst 1934.

1. gr. fiskveiðasamþykktarinnar orðist þannig:

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir: